

f gjalddaga fallnar vegna vanefnda gerðarþola, og verður umbeðið fjárnám látið ná fram að ganga.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 2000.00 í málflutningslaun.

Því úrskurðast:

Umbeðin fjárnámssgerð skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 2000.00 í málflutningslaun vegna fógetamáls þessa innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum .

Föstudaginn 25. október 1957.

Nr. 173/1955. **Lýsi & Mjöl h/f og Jón Gíslason**
(Páll Ásgeir Tryggvason hdl.)

gegn

**Bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h. bæjar-
sjóðs og Bæjarútgerð Hafnarfjarðar**
(Árni Stefánsson hdl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómaramirnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann
Snævarr.**

Loforð stjórnar hlutafélags um sölu hlutabréfa dæmt ógilt.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1955. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum bæði í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Fallast má á það með héraðsdómi, að ákvæði hlutafélagalaga nr. 77/1921 um sérstaka málshöfðunarfresti taki ekki til sakarefnis þess, sem hér á um að dæma. Verður áfrýj-

endum því ekki dæmd sýkna af þeim sökum, að málið hafi verið of seint höfðað.

Samkvæmt 5. gr. félagssamþykktu Lýsis & Mjöls h/f skulu hluthafar jafnan hafa forkaupsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við skrásetta hlutaeign sína. Félagsstjórnin gekk fram hjá þessu ákvæði, er hún á fundi sínum hinn 31. desember 1952 veitti áfrýjanda Jóni Gíslasyni loforð fyrir kaupum á nýjum hlutum í félaginu, að fjárhæð kr. 267.000.00. Var þó sérstaklega rík ástæða fyrir félagsstjórnina að gæta fyrir mælis þessa við svo stórfellda aukningu hlutafjárins, enda var aðalfundarsamþykktin frá 25. janúar 1948, sem hún taldi veita heimild til aukningar hlutafjár, þá orðin allt að 5 ára gömul og aðstæður breyttar, frá því að hún var gerð. Ber þegar af þessari ástæðu að taka til greina kröfu stefndu um ógildingu á framangreindu loforði.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum in solidum að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 40.000.00.

Dómsorð:

Loforð það, er stjórn Lýsis & Mjöls h/f gaf áfrýjanda Jóni Gíslasyni á stjórnarfundum 31. desember 1952 um sölu á nýjum hlutum í félaginu, að nafnverði kr. 267.000.00, skal ógilt vera.

Áfrýjendur, Lýsi & Mjöl h/f og Jón Gíslason, greiði in solidum stefndu, bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs og Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 40.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðar 26. nóvember 1955.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. október s.l., hefur bæjarstjórnin í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar með stefnu, útgefinni 12. nóvember 1953, gegn Lýsi og Mjöl h/f og Jóni Gíslasyni útgerðarmanni, Merkur götu 3, báðum hér í bænum.

Undir rekstri málsins hefur núverandi bæjarstjóri Hafnarfjarðar

er lýst yfir, að málssókn þessi sé gerð vegna bæjarútgerðar Hafnarfjarðar auk bæjarsjóðs, og hafa eigi komið fram neinar athugasemdir við það af hálfu stefndu.

Málavextir eru þessir:

Hinn 4. desember 1945 var stofnað hlutafélagið Lýsi & Mjöl h/f hér í bænum. Í stofnsamningnum er tekið fram, að tilgangur félagsins sé að starfrækja fiskimjölsværksmiðju, lifrarbræðslu og alls konar starfsrækslu (vinnslu) sjávarafurða, annast kaup og sölu þeirra og reka skyldan atvinnurekstur.

Í stofnsamningi er upphæð hlutafjár ákveðin kr. 305.000.00, en varð þó í reyndinni kr. 306.000.00. Skyldi helmingur hlutafjár kræfur þá þegar og eftirstöðvarnar fyrir 1. marz 1946.

Hlutabréfin skyldu hljóða á nafn. Sérréttindi skyldu engin fylgja hlutum, en hluthöfum var áskilinn forkaupsréttur að aukningarlutum, ef til kæmi, í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Svo var þeim og áskilinn forkaupsréttur að hlutum, er félagsmenn vildu selja.

Á stofnfundi félagsins voru því sett lög.

Í 5. gr. laga félagsins segir svo:

„Hluthafar skulu jafnan hafa forkaupsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við skrásetta hlutaeign sína, en að öðru leyti fer aukningin fram eftir þeim reglum, er félagsstjórn í samráði við löglega boðaðan fund í félaginu setur í hvert skipti.“

Á aðalfundi félagsins 25. janúar 1948 var samþykkt, að auka mætti hlutaféð í allt að kr. 1.500.000.00.

Tilfni þessarar samþykktar var það, að nauðsyn þótti á því að stækka verksmiðju félagsins, og benti formaður félagsstjórnarinnar í þessu sambandi á það á fundinum, að bæjarráð Hafnarfjarðar mundi leggja til við bæjarstjórn, að bærinn legði fram hlutafé, kr. 500.000.00, með því skilyrði, að Lýsi og Mjöl h/f legði á móti sömu fjárhæð.

Almennt útboð á fyrrgreindri hlutafjárauukningu fór þó ekki fram, en nokkrir hinna eldri hluthafa skrifuðu sig fyrir aukningarlutum, og margir aðiljar, er ekki höfðu áður verið hluthafar, keyptu hlutabréf eða skrifuðu sig fyrir hlutafjárloforðum.

Treglega virðist hafa gengið um söfnun hlutafjár umfram hlutafjárframlag bæjarsjóðs. Einnig gekk erfiðlega að fá greitt lofað hlutafé.

Á framhaldsaðalfundi félagsins, sem haldinn var 5. júní 1952, bar stjórn félagsins fram svohljóðandi tillögu, er samþykkt var með samhljóða atkvæðum:

„Framhaldsaðalfundur í Lýsi og Mjöl h/f, haldinn 5. júní 1952,

samþykkir að veita þeim hluthöfum, sem ekki hafa enn greitt að einhverju eða öllu leyti hlutafjárloforð sín, frest til þess að ljúka greiðslu þeirra til 31. desember 1952. Það, sem þá verður ógreitt af hlutafjárloforðum, verði fellt niður og hlutaféð fært niður um þá upphæð.“

Hinn 31. desember 1952 var fundur haldinn í stjórn félagsins, og sóttu hann allir stjórnarmenn, en þeir voru þessir:

Adólf Björnsson formaður, tilnefndur af útgerðarráði bæjar-útgerðarinnar, Guðmundur Árnason og Guðmundur Guðmundsson, kosnir af bæjarstjórn, Stefán Jónsson og stefndi Jón Gíslason, kosnir af hluthöfum.

Framkvæmdastjóri félagsins, sem og sótti fund þenna, skýrði þar frá því, að af þeim, sem áttu ógreidd hlutafjárloforð og höfðu fengið frest til greiðslu þeirra til 31. desember 1952, hefðu eftirtaldir þrír aðiljar gefið sig fram með greiðslur:

1. Stefnir h/f	kr. 33.000.00
2. Fiskaklettur h/f	— 30.000.00
3. Sæmundur Sigurðsson	— 5.000.00

Tveir fyrrnefndir aðiljar óskuðu þess að fá að greiða hlutaféð ýmist með ávísun á væntanlegar inneignir hjá félaginu eða innlögðu hráefni, en Sæmundur Sigurðsson lofaði að greiða hlutaféð á næsta ári.

Stjórnin samþykkti á fundinum að verða við þessum tilmælum gegn því, að hlutaðeigendur samþykktu víxla fyrir fjárhæðunum og hlutabréfin yrðu sem handveð hjá félaginu, þar til fjárhæðirnar yrðu að fullu greiddar.

Því næst gerði stjórnin eftirfarandi ályktun:

„Er því fallinn niður réttur hinna, sem áttu ógreidd hlutafjárloforð, til greiðslu þeirra samkvæmt áðurgreindri samþykkt aðalfundar.“

Á fundinum komu fram umsóknir, dags. samdægurs, um hlutafjárkaup frá eftirtöldum mönnum:

1. Ingólfi Flygenring	kr. 75.000.00
2. Jóni Gíslasyni	— 267.000.00
3. Jóni Gíslasyni f. h. Bernhards Petersens	— 25.000.00

Óskuðu umsækjendur þess að ráðstafa hlutafé þessu eftir nánari ákvörðun við útgáfu hlutabréfanna, sem færi fram eigi síðar en 30. jan. 1953.

Þá óskuðu þeir þess og að fá að greiða ofangreint viðbótarhlutafé ýmist með víxlum eða væntanlegum inneignum þeirra hjá félaginu.

Stjórnin samþykkti sölu á framangreindu hlutafé með þeim

skilmálum, sem farið var fram á, og með því taldi stjórnin hlutafjársofnun lokið.

Hinn 12. janúar 1953 skrifaði bæjarstjórnin í Hafnarfirði stjórnarformanni Lýsis og Mjöls h/f svohljóðandi bréf:

„Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar 12. þ. m. var samþykkt eftirfarandi tillaga:

„Þar sem bæjarráði hefur borizt til eyrna, að stjórn h.f. Lýsis og Mjöls hafi ákveðið að nota nú gamla heimild um að auka hlutafé fyrirtækisins mjög verulega og jafnframt að afhenda þetta aukna hlutafé nokkrum fáum hluthöfum, felur bæjarráð bæjarstjórn að kynna sér þetta ýtarlega og mótmæla kröftuglega, ef þetta reynist satt. Gerir bæjarráð þá kröfu til stjórnar fyrirtækisins, að öllum hluthöfum í fyrirtækinu verði gefinn kostur á að taka þátt í þessari hlutafjárukningu, ef framkvæmd verður, í hlutfalli við hlutafjáreign sína.“

Með tilliti til framangreindrar samþykktar bæjarráðs leyfi ég mér að óska þess við yður, hr. stjórnarformaður Lýsis og Mjöls h.f., að þér nú þegar látið mér í té allar upplýsingar, er snerta mál það, er framangreind tillaga fjallar um.“

Bréf þetta var lagt fram á fundi félagsstjórnarinnar 12. jan. 1953 og samþykkt að fela formanni og framkvæmdastjóra að semja umbeðnar skýringar. Næsti fundur félagsstjórnarinnar var haldinn 25. jan. 1953. Þar las framkvæmdastjóri upp bréf, sem hann og formaður höfðu samið sem svar við áðurgreindu bréfi bæjarstjórans. Samþykkt var að senda þetta svarbréf.

Í bréfi þessu er rakið í stórum dráttum, hvernig gengið hafi söfnun hlutafjárukningarinnar og greiðsla lofaðs hlutafjár. Jafnframt er skýrt frá samþykkt stjórnarfundarins 31. des. 1952 um ráðstöfun til þeirra Jóns Gíslasonar, Ingólfs Flygenrings og Bernhards Petersens á hlutafé, að fjárhæð kr. 367 þús. kr., er þann dag hafi skort á, að hinni áður heimiluðu hlutafjárukningu upp í allt að kr. 1.500.000.00 væri náð. Þá er í bréfi þessu gerð sú grein fyrir samþykktinni, að beiðnir um kaup á hlutafé hafi ekki borizt frá öðrum aðiljum og stjórnin teldi sér með sölnni hafa tekizt að uppfylla óskir hlutafélagsins um hlutafjársofnun að fyrrgreindu marki.

Bréfi þessu svaraði bæjarstjórnin með öðru bréfi, dags. 26/1 1953. Telur hann þar, að með bréfi stjórnarinnar sé á engan hátt svarað þeim kröfum, er falizt hafi í samþykkt bæjarráðs á fundinum 12. sama mánaðar. Af bréfinu sé þó ljóst, að stjórn Lýsis og Mjöls h/f hafi notað meira en fjögurra ára gamla heimild um að auka hlutafé fyrirtækisins til að afhenda nú þetta

aukna hlutafé nokkrum fáum hluthöfum. Mótmælir bæjarstjórninn þessari málsmeðferð stjórnarinnar. Þá óskar hann eftir því, að stjórnin taki afstöðu til þeirrar kröfu bæjarráðs, að öllum hluthöfum í fyrirtækinu verði gefinn kostur á að taka þátt í hlutafjárukningunni í hlutfalli við hlutafjäreign sína, verði aukningin framkvæmd.

Þetta bréf bæjarstjórnans var lagt fram á fundi félagsstjórnarinnar hinn 26. janúar 1953, og samþykkt að svara því á þá leið, að stjórnin teldi sig hafa með bréfi sínu frá 25. s. m. gefið fullnægjandi upplýsingar um sölu nefndra hlutabréfa. Þá vísar stjórnin í bókanir stjórnarmanna á stjórnarfundum 25. og 26. janúar s. á. og lætur endurrit af þeim bókunum fylgja.

Með bréfi, dags. 15. apríl 1953, tilkynnir bæjarstjórnin Lýsi og Mjöl h/f, að á bæjarstjórnarfundi 14. s. m. hafi verið samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Með hliðsjón af því álitni hæstaréttarlögmanns Sveinbjarnar Jónssonar, sem fram kemur í niðurlagi bréfs hans: „að vafi geti leikið á um það, hvort nefnd hlutafjársala stjórnarinnar sé gild gagnvart félaginu og þeim hluthöfum, er eigi hefur gefizt kostur á að neyta forkaupsréttar síns“, leggur bæjarráð til við bæjarstjórn, að hún álykti:

1. Að fara þess á leit við stjórn Lýsis og Mjöls h/f, að sala hlutabréfa, er fram fór 31. des. s.l., verði látin ganga til baka og að bréfin verði ekki seld.
2. Til vara, að fengnir verði dómkvaddir menn til að meta hlutabréfin og öllum hluthöfum síðan gefinn kostur á að kaupa bréfin í hlutfalli við hlutafjäreign sína.
3. Að verði ekki fallizt á þessar kröfur bæjarstjórnar, geri hún ráðstafanir til að leita réttar síns á annan hátt.“

Óskar bæjarstjóri þess, að málið verði tekið til meðferðar hið fyrsta og Lýsi og Mjöl h/f sjái sér fært að verða við þeirri samþykkt bæjarstjórnarinnar, er felist í fyrsta lið ályktunarinnar.

Þá áskilur bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæ allan rétt til frekari aðgerða, verði stjórn Lýsis og Mjöls h/f ekki við þeirri ósk, að sala þeirra hlutabréfa, er fram fór 31. des. 1952, verði látin ganga til baka.

Bréfi þessu svaraði stjórn félagsins með bréfi, dags. 18/4 1953, og vísar þar til bréfa sinna frá 25. og 27. jan. s. á. og tekur jafnframt fram, að afstöðu þeirri, er þar er greint frá, muni hún ekki breyta.

Hinn 4. júní 1953 var aðalfundur haldinn í félaginu. Á fundi

Þessum kom til umræðu hlutafjárjalan, er fram fór á fundi stjórnarinnar 31. des. 1952.

Í því sambandi lét bæjarstjóri bóka eftir sér mótmæli gegn sölunni og vísaði til fyrri mótmæla bæjarstjórnar Hafnarfjarðar gegn henni. Jafnframt krafðist hann þess, að hún yrði látin ganga til baka. Þá áskildi hann Hafnarfjarðarbæ allan rétt til að fá söluna ógilta og mótmælti því, að þeir menn, sem fengu hlutabréfin keypt í árslok 1952, tækju þátt í atkvæðagreiðslu á fundinum, og taldi þátttöku þeirra sem slíkra með öllu ólögmeta.

Út af þessari bókun bæjarstjórans spunnust frekari umræður. Kom þá fram svohljóðandi tillaga:

„Aðalfundur Lýsis og Mjöls h/f telur, að ráðstöfun sú, er stjórn félagsins hefur einróma gert, að því er snertir sölu hlutabréfa upp í hámark það, sem ákveðið er í lögum félagsins, kr. 1.500.000.00, sé í fullu samræmi við lög félagsins og fyrri ákvarðanir og vottar stjórninni fullt traust vegna starfa sinna að málum félagsins s.l. ár.“

Umræður urðu nokkrar um tillöguna. Síðan voru reikningar félagsins bornir undir atkvæði og samþykktir einróma. Að því loknu var gengið til atkvæða um fyrrgreinda tillögu. Bæjarstjóri óskaði þess, að atkvæðagreiðsla færi þannig fram, að útbýtt yrði atkvæðaseðlum og hluthafar greiddu atkvæði í hlutfalli við hlutafjäreign sína, en þeir, er fengu hlutaféð, kr. 367 þús., tækju ekki þátt í atkvæðagreiðslu. Fundarstjórnin, Stefán Jónsson, taldi kaupendur umræddra hlutabréfa hafa fullan og ótakmarkaðan rétt til að fara með atkvæði fyrir hlutabréf þessi, svo sem aðrir hluthafar hefðu samkvæmt lögum félagsins.

Síðan fór fram atkvæðagreiðsla um tillöguna, og já sögðu 1514 atkv., en nei 565, auðir seðlar 177, og var því tillagan samþykkt.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur í málinu, að sala stjórnar h/f Lýsis og Mjöls í Hafnarfirði til Jóns Gíslasonar á hlutabréfum í félaginu, að nafnverði kr. 267.000.00, er samþykkt var á stjórnarfundi 31. des. 1952, verði dæmd ógild. Þá hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði dæmdir til þess in solidum að greiða honum málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Stefndu hafa krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að stjórn félagsins hafi ekki haft heimild til sölu hlutafjár þess, sem hún ráðstafaði til stefnda Jóns Gíslasonar o. fl. á fundinum 31. des. 1952. Telur hann, að samþykkt framhaldsaðalfundarins 5. júní

1952, sem áður hefur verið rakin, beri að skilja svo, að þar sé þeim, sem höfðu skrifað sig fyrir hlutafjárloforðum, veittur frestur til að innleysa þau til 31. des. sama ár, og ákveðið, að hlutafé félagsins skuli lækka um þá fjárhæð, sem þá hafi ekki fengizt greidd. Með umræddri sölu hafi því stjórnin brotið gegn samþykkt fundarins, en hluthafafundur hafi æðsta vald í málefnum félagsins sbr. 11. gr. samþykkt þess og 30. gr. hlutafélagalaganna. Sala hlutabréfanna sé því markleysa.

Í þessu sambandi heldur stefnandi því fram, að fresturinn, sem veittur var á framhaldsaðalfundinum, hafi verið veittur aðeins til 31. des. og því útrunninn kl. 24 hinn 30. sama mánaðar.

Í öðru lagi reisir stefnandi á því kröfur sínar, að stjórnin hafi brotið ófrávíkjandi formskilyrði með greindri sölu, þar sem hún hafi algjörlega sniðgengið ákvæði félagssamþykktanna um forkaupsrétt hluthafa, sbr. 5. gr. þeirra.

Telur hann, að með sölu hlutabréfanna á nafnverði hafi verið gengið á rétt annarra hluthafa, og vísar í því efni til matsgjörðar dómkvaddra manna, dags. 12/3 1955, þar sem matsmennirnir telja hæfilegt að miða verðmæti hlutabréfa h.f. Lýsis og Mjöls hinn 31. des. 1952 við þrefalt nafnverð þeirra. Það athugast, að í mati þessu miða matsmennirnir við, að upphæð hlutafjár félagsins þenna dag væri kr. 1.133.000.00.

Þá hafi með söluverið raskað hlutdeild hluthafa í félaginu og jafnrétti þeirra sín á milli.

Í þriðja lagi heldur stefnandi því fram, að stjórnin hafi brotið fyrirmæli framhaldsaðalfundarins með þeim greiðslukjörum á andvirði hlutafjár, er hún veitti stefnda Jóni Gíslasyni o. fl. á margnefndum stjórnarfundi 31. des. 1952. Þeir, sem þá keyptu hlutafé, hefðu fengið að greiða það með víxlum, er þeir sjálfir samþykktu, án nokkurra ábyrgðarmanna, en víxlar séu ekki greiðsla, heldur loforð um greiðslu. Stjórninni hafi verið óheimilt að selja hlutafé nema gegn greiðslu í peningum.

Í fjórða lagi telur stefnandi, að stefndi Jón Gíslason og þeir Stefán Jónsson og Guðmundur Guðmundsson, það er að segja meirihluti stjórnarinnar, hafi á umræddum stjórnarfundi tekið þátt í ákvörðunum, sem vörðuðu hagsmunum þeirra persónulega eða fyrirtækja, sem þeir voru hluthafar í og fyrirsvarsmenn fyrir. Hafi þeir þannig verið óhæfir til að taka þátt í afgreiðslu á slíkum ákvörðunum og hafi með þátttöku sinni misnotað aðstöðu sína. Leiði því einnig af þessu, að umdeildar ákvarðanir stjórnarfundarins 31. des. 1952 séu marklausar.

Enn hefur stefnandi haldið því fram, að meirihluti stjórnar-

manna hafi á umræddum stjórnarfundi misnotað aðstöðu sína í ólögmætum pólitískum tilgangi, og vitnar í því sambandi til framburðar Ingólfs Flygenrings í þinghaldi í málinu 26. apríl s.l., þar sem Ingólfur óskar að taka fram, að hann hafi með hlutafjárkaupum sínum meðal annars viljað sporna við yfiringangi af hálfu bæjarsjóðs eða forráðamanna bæjarsjóðs í félaginu, en þeir hafi viljað ná undirtökunum í því.

Loks telur stefnandi allan eftirleik sölunnar ólögmætan. Hluta-fjáraukinn hafi ekki verið tilkynntur til hlutafélagaskrár, og ekki gefin út hlutabréf fyrir hlutafjáraukanum né heldur bráða-birgðaskírteini.

Stefndu hafa mótmælt öllum framangreindum málsástæðum stefnanda.

Í fyrsta lagi reisa stefndu sýknukröfu sína á því, að umrædd sala hlutafjár hafi verið í alla staði lögmæt, hvorki brotið í bág við ákvæði samþykktu félagsins né landslög. Samþykkt aðal-fundar félagsins frá 25. jan. 1948, um heimild til aukningar hlutafjár upp í kr. 1.500.000.00, hafi enn verið í gildi, er hluta-fjárjalan fór fram í árslok 1952, enda alltaf verið notuð á þessu tímabili með þeim hætti, að stjórn félagsins safnaði meira og minna af hlutafjárloforðum. Telja stefndu, að með samþykkt framhaldsaðalfundarins 5. júní 1952 hafi aðeins verið ákveðið að veita þeim, sem þá áttu ógreidd hlutafjárloforð, lokafrest til til þess að innleysa þau, ella yrði hlutafé hlutadeigandi aðilja fært niður um þá upphæð, er ekki fengist greidd. Með samþykkt fundarins hafi ekki verið gerð breyting á samþykktum félags-ins, né heldur til þess ætlazt, að hlutafé félagsins lækkaði úr því, sem ákveðið hefði verið 1948. Benda stefndu til stuðnings framangreindum skilningi sínum á nefndri fundarsamþykkt á það, hvað fyrir tillögumönnum samþykktarinnar hafi vakað með henni, eins og það kemur fram í framburði þeirra í málinu.

Stefndu halda því fram, að þegar sala hlutafjárins átti sér stað, hafi félagið haft uppi ráðagerðir um aukningu starfsemi sinnar og byggingarframkvæmdir, er áætlað var, að myndu kosta mikið fé. Þá benda stefndu á það, að þegar bæjarsjóður gerðist hluthafi í félaginu með 500 þús. kr. framlagi, hafi það verið beint skilyrði af hans hálfu, að jafnhátt framlag kæmi annars staðar frá. Engin tímamörk hafi þó verið sett fyrir því, hvenær skyldi inna af höndum þetta gagnframlag. Af umræddu skilyrði hafi fyrst og fremst leitt, að lagt hafi verið á herðar félags-stjórnar að annast hlutafjárukninguna, og stjórninni jafnframt í sjálfsvald sett, innan takmarka landslaga og samþykktu fé-

lagsins, hvernig hún hagaði henni. Bæjarsjóður hafi ekki fallið frá skilyrði sínu um gagnframlag annars staðar frá. Vegna þessa og áðurgreindrar fjárþarfar félagsins hafi stjórninni verið skylt að selja hlutafé upp í hámark, þegar færi hafi boðizt. Eins og augljóst megi vera af þessu, hafi stjórnarmenn hvorki misnotað aðstöðu sína við sölu hlutafjárins né heldur framkvæmt hana í ólögætum tilgangi.

Þá mótmæla stefndu þeirri staðhæfingu stefnanda, að hlutaféð hafi verið selt of lágu verði og þannig skertur réttur annarra hluthafa. Telja stefndu ýmsa liði matsgjörðarinnar allt of háa og það sé ekki rétt að farið að ákvarða verð hlutabréfanna í félaginu með því að deila hlutafjárupphæðinni í verðmæti skuldlausrar eignar, eins og það sé að álitu matsmanna. Verðgildi hlutabréfa ákvarðist af framboði og eftirspurn. Eftirspurn eftir hlutabréfum félagsins hafi engin verið og stjórninni því víta-laust að selja þau á nafnverði.

Enn mótmæla stefndu þeirri staðhæfingu, að frestur sá, sem veittur var til innlausnar hlutafjárloforðum á framhaldsaðalfundinum 5. júní 1952, hafi verið útrunninn kl. 24 þann 30. des. s. á., og halda fram, að eftir venju beri að skilja samþykktina þannig, að 31. desember sé meðtalinn í frestinum og loka-dagur hans. Þykir verða að fallast á þessa skoðun stefndu.

Í öðru lagi reisa stefndu sýknukröfu sína á því, að af fimm stjórnarmönnum, er samþykktu hlutafjáróluna á stjórnarfundinum 31. des. 1952, hafi þrír verið tilnefndir af stefnanda og þeir einnig samþykkt sölu. Halda stefndu því fram, að þetta samþykki af hálfu trúnaðarmanna stefnanda sé skuldbindandi fyrir hann og honum ókleift að fá því rift.

Í þriðja lagi reisa stefndu sýknukröfu sína á því, að umrædd ráðstöfun félagsstjórnarinnar hafi verið borin undir atkvæði hluthafa á aðalfundi félagsins 1953. Þar hafi verið samþykkt, að ráðstöfunin væri í fullu samræmi við lög félagsins og fyrri ákvarðanir og stjórninni vottað fullt traust vegna starfa hennar að málum félagsins árið 1952. Hafi hluthafafundur þannig gert nefnda ráðstöfun stjórnarinnar að sinni samþykkt, sem einungis verði hnekkt samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem gilda um ályktanir hluthafafunda. Nú sé svo ákveðið í 37. gr. hlutafélagalaganna, að telji hluthafi ályktun hluthafafundar ólögæt, sé honum rétt að krefjast þess, að hún verði ónýtt með dómi, en þá skuli hann hafa birt dómstefnu fyrir stjórn félagsins innan þriggja mánaða, eftir að ályktunin var gerð. Þá telja stefndu, að stefnanda hafi hlotið að vera kunnugt um hlutafjáróluna í síðasta

lagi 12. jan. 1953, og hefði hann því átt að höfða mál út af henni innan 6 mánaða frá þeim degi samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 19. gr. sbr. 16. gr. hlutafélagalaganna. Dómstefna í máli þessu hafi ekki verið gefin út fyrr en 12. nóv. 1953, það er að segja 10 mánuðum eftir að stefnanda varð kunnugt um söluna og rúmum fimm mánuðum eftir að hún var staðfest á hluthafafundi. Þessi dráttur á málshöfðun sé óhóflegur og andstæður hinum tilvitnuðu lagaboðum.

Í fjórða lagi reisa stefndu sýknukröfu sína á því, að í reikningum félagsins 31. des. 1952 og 31. des. 1953 hafi hlutafé þess verið fært til reiknings með kr. 1.500.000.00 og á aðalfundi félagsins 4. júní 1953 hafi bæjarstjóri samþykkt fyrri reikningana, og á aðalfundi félagsins 11. júní 1954 hafi varabæjarstjóri einnig samþykkt mótbáruleaust reikninga félagsins.

Í þessu felist bindandi samþykki stefnandans á umdeildri hlutafjárstölu.

Stefndu hafa mótmælt því eindregið, að forkaupsréttur hluthafa hafi verið sniðgenginn við umrædda hlutafjárstölu. Þegar hlutafjárukningin var ákveðin 1948, hafi öllum hluthöfum verið um hana kunnugt og þeim ávallt staðið til boða að fá viðbótarhluti keypta. En þeir einir hafi átt rétt til þess, er hluthafar voru, er hlutafjárukningin var ákveðin.

Aðferðin við sölu umdeilda hlutabréfa hafi verið sú sama og ávallt hafi verið tíðkuð í félaginu, þ. e. að menn föluðust eftir hlutabréfum hjá stjórninni eða hún hafi boðið einstökum mönnum eða fyrirtækjum þau til kaups.

Þá mótmæla stefndu því, að hinir umdeildu hlutir hafi ekki verið greiddir með þeim hætti, sem vera bar. Hlutirnir hafi að nokkru verið greiddir með skuldajöfnun við inneignir kaupenda hjá félaginu og að nokkru með víxlum með stuttum gjaldfresti. Víxlar séu algeng greiðsluskjöl. Umræddir víxlar hafi verið seldir í banka, félagið fljótlega fengið andvirði þeirra í sínar hendur og kaupendur hlutafjárins síðan staðið straum af þeim.

Stefnandi hefur mótmælt öllum framangreindum sýknu- og varnarástæðum stefndu.

Hér að framan hefur þegar verið rakið, hvað tillögumenn samþykktar framhaldsfundarins frá 5. júní 1952 telja, að fyrir þeim hafi vakað með henni, svo og það, hvornig stefnandi telur, að skilja beri samþykktina. Auk þessa hafa mörg vitni tjáð sig í málinu um skilning þeirra á samþykktinni, og er skilningur flestra þeirra á þá leið, að gömul hlutafjárloforð yrðu aðeins

innleyst með greiðslu í peningum og lokafrestur veittur til þess til 31/12 1952 og það, sem þá yrði ógreitt, félli niður.

Tilfni tillögu þeirrar, er leiddi til samþykktarinnar, mun fyrst og fremst hafa verið það, að margir þeirra, er höfðu skrifað sig fyrir hlutafjárloforðum og samþykkt víxla fyrir þeim, að öllu eða einhverju leyti, höfðu enn ekki staðið í skilum með greiðslur. Þá hafði hlutafjáröfnun félagsins staðið yfir í meira en fjögur ár og gengið treglega undanfarið, til dæmis ekkert hlutafé selzt á á árinu 1951. Þegar umræddur framhaldsaðalfundur var haldinn, var heimildin til hlutafjárukningar orðin meira en fjögurra ára, og á því tímabili hafði efnahagur félagsins batnað mjög.

Það verður ekki séð, að samþykktin hafi verið rædd neitt á fundinum eða tillögumenn gefið þar skýringar á því, hvað þeir teldu í henni felast.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, telur dómurinn, að umrædd samþykkt framhaldsaðalfundarins þann 5. júní 1952 verði ekki skilin öðruvísi en svo, að þeim hluthöfum, sem þá höfðu enn ekki greitt að einhverju eða öllu leyti hlutafjárloforð sín, væri veittur lokafrestur til greiðslu þeirra í peningum til 31. desember 1952. Það, sem þá væri ógreitt af hlutafjárloforðum, félli niður og þar með væri hlutafjáröfnun lokið. Verður því að telja, að samþykkt stjórnarinnar á fundi hennar 31. des. 1952 á nýjum gjaldfresti til handa hluthöfunum Stefni h.f., Fiskakletti h.f. og Sæmundi Sigurðssyni svo og sala stjórnarinnar á hlutafé til þeirra Jóns Gíslasonar, Ingólfs Flygenrings og Bernhards Petersens og með þeim kjörum, sem þeir fengu, sé beint brot á umræddri samþykkt framhaldsaðalfundarins 5. júní 1952.

Samkvæmt ákvæðum 5. gr. samþykktar félagsins skulu hluthafar jafnan hafa forkaupsrétt á aukningarhlutum í hlutfalli við skrásetta hlutaeign sína.

Það kemur fram í málinu, að almennt útboð aukningarhlutafjárins hefur ekki farið fram, og ekki hefur hverjum fyrir sig hinna upphaflegu hluthafa verið formlega boðið að neyta forkaupsréttar síns að aukningarhlutum.

Eftir að umrædd samþykkt hafði verið gerð á framhaldsaðalfundinum 5. júní 1952, gátu hluthafar almennt alls ekki búizt við frekari sölu aukningarhlutafjárins, og hluthöfunum, öðrum en þar komu við sögu, ókunnugt um sölu þá á aukningarhlutafé, sem stjórnin framkvæmdi á fundi sínum 31. des. 1952, þegar salan fór fram, og þeim hluthöfum ekki verið gefinn kostur á

að fá aukningarhluti með þeim kjörum, sem þar var um að ræða.

Er því sýnt, að forkaupsréttarákvæði 5. gr. samþykktá félagsins hefur verið brotið.

Svo sem áður segir, hafa dómkvaddir menn metið verðmæti hlutabréfa Lýsis og Mjöls h/f hinn 31. des. 1952 þrefalt nafnverð þeirra, miðað við höfuðstól hlutafjár, kr. 1.133.000.00. Þessu mati hefur ekki verið hnekkt, og ljóst er, að verðmæti hlutabréfa hlýtur að verulegu leyti að ákvarðast af eignum þeim, sem bak við þau liggja.

Með sölu hlutafjár þess, er stjórnin seldi þeim Jóni Gíslasyni o. fl. á nafnverði á fundi sínum 31. des. 1952, verður að telja, að stjórnin hafi breytt hlutdeild manna í félaginu og raskað jafnrétti hluthafa sín á milli.

Þegar ráðstöfun þessi var gerð, hafði stjórnin ekki borið hana undir hluthafa áður, og á aðalfundi félagsins 4. júní 1953 greiddi nokkur hluti hluthafa atkvæði gegn henni. Þykir því ráðstöfun þessi brjóta í bág við f. lið 2. mgr. 31. gr. hlutafélagalaganna.

Þá þrjá stjórnarmenn hlutafélagsins, sem tilnefndir eru af hálfu stefnanda, ber ekki að skoða sem sérstaka trúnaðarmenn bæjarsjóðs eða bæjarútgerðar, heldur sem hverja aðra fyrirsvarsmenn hlutafélagsins, sem fyrst og fremst sé skylt að gæta hagsmuna þess og hluthafanna. Ef ráðstafanir stjórnarmanna brjóta í bága við hagsmuni félagsins, hluthafa, fyrirmæli hluthafafunda, félagssamþykktá eða landslög, verður að telja, að stefnandi geti leitað réttar síns út af því, eins og hver annar hluthafi.

Það verður ekki fallizt á það hjá stefndu, að stefnandi hafi í sambandi við afgreiðslu á reikningum félagsins á aðalfundum þess 1953 og 1954 firrt umbjóðanda sinn rétti til að halda þessu máli til laga, enda hafði hann löngu fyrr, eða strax og tilefni gafst til, mótmælt umdeildum ráðstöfunum og áskilið umbjóðanda sínum rétt til að fá þeim hnekkt.

Áður er að því vikið, að samþykki aðalfundar félagsins 4. júní 1953 á sölu stjórnarinnar á hlutafé 31. des. 1952 hafi verið ófullnægjandi, þar sem þar komu fram mótatkvæði gegn umræddri ráðstöfun, enda var á fundinum greitt atkvæði meðal annars með því hlutafé, er selt var á fyrrgreindum stjórnarfundum og deilt er um í máli þessu.

Frestir þeir til málshöfðunar, sem ákveðnir eru í hlutafélagalögnum og stefndu hafa vísað til um það, að mál þetta sé of seint höfðað, taka ekki til þeirra efnisatriða, sem málshöfðun þessi er aðallega reist á, og þykir stefnandi hafa höfðað mál þetta í tæka tíð.

Samkvæmt því, sem að framan segir, hefur stjórn Lýsis og Mjöls h/f með sölu hlutafjár, kr. 267.000.00, til stefnda Jóns Gíslasonar á fundi sínum 31. des. 1952 brotið gegn margnefndri samþykkt framhaldsaðalfundarins 5. júní 1952, 5. gr. samþykkt félagsins og f-lið 2. mgr. 31. gr. hlutafélagalaganna. Ber þegar af þessum ástæðum að taka kröfur stefnanda um ógildingu á téðri hlutafjárölu til greina.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndu greiði in solidum stefnanda málskostnað með kr. 20.000.00.

Kristinn Ólafsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendum, Ísleifi Árnasyni fulltrúa og Ragnari Péturssyni kaupfélagsstjóra.

Því dæmist rétt vera:

Sala stjórnar Lýsis og Mjöls h/f til stefnda Jóns Gíslasonar á hlutafé í félaginu, að nafnverði kr. 267.000.00, er samþykkt var á stjórnarfundi 31. desember 1952, skal ógild vera.

Stefndu, Lýsi og Mjöl h/f og Jón Gíslason, greiði in solidum stefnanda, bæjarstjóranum í Hafnarfirði f. h. bæjarsjóðs, kr. 20.000.00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. október 1957.

Nr. 56/1957. **Júpiter h/f** (Áki Jakobsson hrl.)
 gegn
Tómasi Ólafssyni
 og gagnsök (Gústaf Ólafsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
 Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann
 Snævarr.

Skaðabætur fyrir líkamsmeiðsl.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. marz 1957. Hann gerir þær dómkröfur, að lækkuð verði fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, og að aðiljum